



# Frönsk svíta

IRÈNE NÉMIROVSKY

„MEISTARAVERK.“

OBSERVER



AMAZON.COM

*Frönsk svíta*

Titill á frummáli: *Suite française*

Irène Némirovsky

© Éditions Denoël 2004

Íslensk þýðing © Friðrik Rafnsson 2011

Bókin er gefin út með stuðningi Bókmenntastofnunar Frakklands  
*Ouvrage publié avec le soutien du Centre national du livre*

Útgáfan hlaut jafnframt styrk frá Institut Français og Bókmenntasjóði

Hönnun kápu: Alexandra Buhl / Forlagið

Ljósmynd á kápu © Topfoto / Roger-Viollet

Ljósmynd af höfundu © Denise Epstein, með góðfúslegu leyfi frá Éditions Denoël

Umbrot: Ingibjörg Sigurðardóttir

Letur í meginmáli: Sabon roman 10,5/14,1 pt.

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

*Printed in Iceland*

JPV útgáfa · Reykjavík · 2011

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis þýðanda og útgefanda.

ISBN 978-9935-11-195-1

JPV útgáfa er hluti af  Forlaginu ehf.  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

I.

## STRÍÐIÐ

Parísarþúum fannst það heitt. Vorloftið. Þetta var stríðsnótt, í henni einhver ógn. En nóttin máist út, stríðið víðs fjarri. Þeir sem ekki sváfu, sjúklingar í rúmum sínum, mæður sem áttu syni í fremstu víglínu, ástfangnar konur með társvot augu, heyrðu fyrst vælið í sírenunni. Enn var það aðeins djúpt innsog sem líktist einna helst andvarpi frá sárþjáðu brjósti. Nokkur andartök liðu þar til gervallur himinninn fylltist af hávaða. Hann barst úr fjarska, frá sjóndeildarhringnum og það var eins og hann færi sér að engu óðslega! Sofandi fólk dreymdi öldurót og gjálfur við fjörusteina, óveður sem skekur skóginn í mars, nautgripahjörð sem hleypur þunglega áfram og treður jarðveginn undir klaufunum, allt þar til það losar loks svefn og muldrar með hálflokuð augu:

„Er þetta viðvörun?“

Konurnar sem voru taugatrektari, kvikari voru komnar á fætur. Sumar þeirra lokuðu gluggunum og gluggahlerunum og fóru aftur að sofa. Daginn áður, mánudaginn 3. júní, hafði sprengjum verið varpað í fyrsta skipti á París frá því stríðið hófst; en íbúarnir voru rólegir. Þó voru fréttirnar slæmar. Fólk tók þær ekki trúanlegar. Það hefði heldur ekki trúað því ef tilkynnt hefði verið að sigur hefði unnist. „Maður botnar ekkert í þessu,“ sagði fólk. Börnin voru klædd í skímu frá vasaljósi. Mæðurnar tóku litla, þunga og volga líkamana í fangið: „Komdu, það er ekkert að óttast, ekki gráta.“ Þetta var viðvörun. Það var slökkt á öllum lömpum, en undir gylltum og gagnsæjum júnihimninum sást hvert einasta hús og stræti greinilega. Signa

virtist hins vegar draga til sín alla þessa dreifðu birtu og endurvarpa henni hundraðfalt eins og þrívíður spegill. Hálflyktir gluggar, þök sem spegluðust í daufum skugganum, járníð í hurðunum þar sem skein dauflega á hverja misfelli, sum umferðarljós lýstu lengur en önnur, enginn vissi hvers vegna, alla þessa birtu dró Signa til sín, fangaði hana og lét leika um vatnsborðið. Ofanfrá hefur hún vísast litið út eins og mjólkurfljót. Eins og mið fyrir óvinaflugvélar, sögðu sumir. Aðrir sögðu að það gæti ekki verið. En í rauninni vissi enginn neitt. „Ég verð áfram í rúminu,“ muldruðu syfjulegar raddir, „ég óttast þetta ekki.“ – „En það þarf bara eitt skipti,“ svöruðu þeir skynsömu.

Í gegnum glerverkið sem hlífði þjónustustigunum í nýjum byggingum sást hvar einn, tveir, þrír litlir logar færðust niður: fólkið uppi á sjöttu hæð hélt á logandi vasaljósi fyrir framan sig þrátt fyrir bannið.

„Mér finnst hins vegar betra að detta ekki á hausinn í stiganum, ertu að koma, Emil?“ Það lækkaði ósjálfrátt röddina eins og þarna væri óvinveittur heyrandi í holti nær. Það heyrðist hvernig hverjum dyrunum af öðrum var skellt aftur. Í hverfum alþýðunnar voru neðanjarðarlestarstöðvar, þessi illþefjandi skýli, ævinlega troðfull af fólki en þeir ríku héldu sig heima hjá húsvörðunum sínum og hlustuðu eftir hvellunum og sprengjunum, hvaða hljóð gæfu sprengjuregn til kynna, vökulir, alveg á nálum eins og óttaslegnar skepnur úti í skógi þegar líður að veiðinóttu; þeir fátæku voru ekkert kvíðnari en þeir ríku; þeir voru ekkert frekar að hugsa um eigið líf, en voru líkari rollum en þeir, þörfnuðust hver annars meira, þörfnuðust þess að geta þjappað sér saman, borið sig illa eða hlegið. Brátt myndi birta af degi; ljós-fjólublár og silfurlitur glampi myndi renna sér eftir hellunum, eftir veggjunum á fljótsbakkannum, á turna Notre-Dame dómkirkjunnar. Sandpokum hafði verið hlaðið mitt upp á helstu minnismerkin, þeir námu við Carpeaux-dansmeyjarnar á framhlið Óperunnar, kæfðu ópin í *La Marseillaise* á Sigurboganum.

Fallbyssudrunur kváðu við, en þær voru enn í allnokkurri fjarlægð, þær færðust smátt og smátt nær svo hver einasta rúða svaraði með glamri. Börn fæddust í hlýjum herbergjum þar sem allir gluggar höfðu verið byrgðir til að koma í veg fyrir að nokkur birta smygi út, og grátur þeirra varð til þess að konurnar gleymdu hávaðanum

í viðvörunarsírenunum og stríðinu. Í eyrum þeirra sem voru dauðvona virtust fallbyssudrunurnar daufar og merkingarsnauðar, enn einn hávaðinn í þessum nóturlega og óljósa glymjanda sem tekur á móti hinum deyjandi eins og vatnsflóð. Ungbörnin sem kúrðu í hlýju fangi mæðra sinna sváfu vært og gerðu nettan stút á varirnar með smá smjatti eins og lamb sem sýgur. Þegar viðvörunarmerki var gefið stökk fólk af stað en eftir stóðu kerrur grænmetissalanna yfirgefnar á götunni hlaðnar nýskornum blómum.

Sólin kom eldrauð upp á himin sem enn var heiðskír. Hleypt var af fallbyssu, nú svo nærri París að fuglarnir fældust og flugu upp af hverju einasta minnismarki. Ofar sveimuðu stórir svartir fuglar, sjaldséðir, þeir breiddu úr kuldalegum vængjunum undir sólinni, síðan komu fallegar, feitar og kurrandi dúfurnar og svölurnar, spörfuglar hoppuðu áhyggjulausir um mannlausar göturnar. Á bökkum Signu var hvert einasta hlyntré hlaðið brúnum smáfuglum sem sungu af hjartans lyst. Neðan úr kjöllurunum heyrðist loks afar fjarlægur ómur úr fjarska, nokkurs konar þrítóna skrúðgöngulag. Hættan var liðin hjá.

## 2.

Á heimili Péricandfjölskyldunnar hafði fólk hlustað á útvarpsfréttirnar í forundran, en ekkert sagt. Péricandfjölskyldan var mikið sómafólk; hefðir hennar, þankagangur, borgaralegur og kaþólskur ættararfur, tengslin við kirkjuna (elsti sonur þeirra, Philippe Péricand, var prestur), allt varð til þess að þau voru tortryggin í garð lýðveldisstjórnarinnar. Hins vegar tengdi staða herra Péricand, sem var safnstjóri eins af þjóðarsöfnunum, þau við ákveðið stjórnarfar, heiður og ágóða.

Köttur hélt athugull á fiskbita sem var morandi í beinum á milli hvassra tannanna: smeykur við að gleypa hann, en vildi ekki láta bitann út úr sér af ótta við að sjá eftir honum.

Charlotte Péricand var þeirrar skoðunar að karlmenn gætu metið af yfirvegum undarlega og alvarlega viðburði sem þessa. En hvorki eiginmaður hennar né elsti sonur voru heima; sá fyrrnefndi var að

borða kvöldverð með vinum sínum, hinn var staddur utan Parísar. Frú Péricand, sem stjórnaði daglega lífinu með harðri hendi – hvort sem það var heimilishaldið, menntun barnanna eða starfsferill eiginmanns hennar – frú Péricand hlustaði ekki á skoðanir nokkurs manns, en þetta var annað svið. Nú þurfti valdsmannslega rödd til að segja henni hverju var best að trúa. Þegar búið var að beina henni á rétta braut hljóp hún ákveðin eftir henni og lét ekkert stöðva sig. Ef henni var sýnt fram á, með áþreifanlegum sönnunum, að hún hefði á röngu að standa svaraði hún kuldalega og af yfirlæti: „Faðir minn sagði mér það. Maðurinn minn hefur góðar upplýsingar um þetta.“ Og hún bandaði hansaklæddri hendinni út í loftið.

Hún var stolt af þjóðfélagsstöðu eiginmanns síns (sjálf hefði hún heldur kosið að vera meira heima við, en rétt eins og okkar mildi frelsari verður hver og einn hér neðra að bera sinn kross!). Hún var nýkomin heim til þess að fylgjast með því hvort börnin væru að læra, hvort sá yngsti hefði fengið pelann sinn, hvort þjónarnir héldu sig að verki, en hún hafði ekki tíma til að fara úr yfirhöfninni. Í minningu ungu Péricandanna var móðir þeirra ævinlega á leið út, með hatt á höfði og hvíta hanska. (Þar sem hún var sparsöm var vottur af bensínlykt af hönskunum eftir að litarinn hafði farið höndum um þá.)

Þetta kvöld var hún líka nýkomin heim og stóð í stofunni, fyrir framan útvarpstækið. Hún var svartklædd með nýtískulegan hatt á höfði, yndislegan smáhatt með þremur blómum og silkidúsk sem lafði fram á ennið. Undan hattinum blasti við fölt og angistarfullt andlitið; orðið tekið af aldri og þreytu. Hún var orðin fjórutíu og sjö ára og fimm barna móðir. Þessari konu hafði Guð augljóslega ætlað að verða rauðhærð. Hörund hennar var afar fingert, hrukk að af árunum. Nokkrar freknur voru á voldugu og glæsilegu nefinu. Hún hvessti grænleit augun eins og köttur. En á síðustu mínútu höfðu örlögin hikað eða litið svo á að litsterkt lokkaflóð hæfði ekki óvefngjanlegri siðþryði frú Péricand né þjóðfélagsstöðu hennar, og höfðu ljáð henni dökkt og matt hár sem hún fór að missa í flyksum eftir að hún eignaðist yngsta barnið.

Herra Péricand var strangur maður: hann var svo guðhræddur að hann neitaði sér um að uppfylla ýmsar langanir sínar og hann var svo vandur að virðingu sinni að hann hélt sig fjarri vafasömum stöðum. Enda var sá yngsti í Péricandfjölskyldunni ekki nema tveggja ára, og

milli munksins Philippe og hins yngsta voru þrjú börn, öll lifandi, og það sem frú Péricand kallaði svo pent þrjú slys, þegar nærri fullburða barn hafði dáið og næstum kostað móðurina lífið.

Stofan þar sem útvarpið hljómaði hátt þessa stundina var rúm-góð, vel búin, og gluggarnir fjórir vissu út að Delessert-breiðgötunni. Húsgögnin voru gamaldags, stórir hægingastólar og sófar með gylltu áklæði. Úti við svalirnar var hjólastóllinn hans Péricand gamla sem var farlama, elliaer og genginn í barndóm. Hann náði ekki fullri einbeitingu nema þegar rætt var um auðæfi hans sem voru umtalsverð (hann var af Péricand-Maltête ættinni, erfingi Maltêteættarinnar frá Lyon). En stríðið og hörmungarnar sem því fylgdu höfðu engin áhrif á hann lengur. Hann hlustaði annars hugar, strauk myndarlegt silfurliðað skeggið. Bak við húsmóðurina stóðu börnin í hálfhring, það yngsta í fanginu á fóstrunni. Sú átti þrjá syni í fremstu víglínu og var nú komin með þann litla til að láta hann segja góða nótt við fjölskyldu sína og nýtti sér tímabundið leyfi sitt til að fá að koma inn í stofuna til að hlusta af athygli en áhyggjufull á það sem þulurinn var að segja.

Inn um hálfopnar dyrnar sá frú Péricand glitta í hitt þjónustufólkið: herbergisþernan Madeleine var svo áhyggjufull að hún kom alveg inn á þröskuldinn, og frú Péricand fannst þetta brot á vananum vera váboði. Þannig er það, þegar skip sekkur koma allar stéttir saman í brúnni. En almenningur hafði ekki taugar í það. „Það sem þau láta reka á reiðanum,“ sagði hún ásakandi. Frú Péricand var einn þessara borgara sem treysti almenningi. „Þau eru ekkert svo slæm þegar maður kann á þeim tökin,“ sagði hún harkalega og svolítið döpur eins og hún væri að tala við skepnu í búri. Hún hældi sér af því að halda þjónustufólkinu sínu afar lengi. Hún lagði mikið upp úr því að hjúkra því sjálf þegar það veiktist. Þegar Madeleine fékk lungnabólgu hafði frú Péricand sjálf útbúið slímlosandi seyði handa henni. Þar sem hún hafði engan tíma til þess á daginn gerði hún það á kvöldin þegar hún kom heim úr leikhúsinu. Madeleine vottaði henni ekki þakklæti sitt fyrr en eftir á og jafnvel heldur kuldalega fannst frú Péricand. Þannig var alþýðan aldrei ánægð og því meira sem maður lagði á sig fyrir hana, því kuldalegri og vanþakklátari var hún. En frú Péricand vænti ekki umbunar frá neinum nema drottni.

Hún sneri sér í áttina að skugganum í holineu og sagði af mikilli hjartagæsku: